

Ársfundur Landspítala 2018 í Hörpu 16. maí

Ávarp Páls Matthíassonar forstjóra

Heilbrigðisráðherra, kæru ársfundargestir!

(glæra - ávarp forstjóra)

Ég vil þakka ráðherra hlý orð í garð Landspítala. Það er ljóst að væntingar og stuðningur stjórnvalda er mikill og skýr sýn á mikilvægi spítalans sem hornsteins í íslensku heilbrigðiskerfi. Því fylgja tækifæri en einnig kröfur, sem spítalinn þarf að standa undir.

Landspítali í sókn og vörn er yfirskrift ársfundarins og það er engin tilviljun.

Það gildir að vera fimur á báða fætur og geta spilað bæði sókn og vörn þegar kemur að starfi og rekstri Landspítala. Flest okkar sem starfa á spítalanum þekkjum það hvernig einn daginn allt virðist ganga að sólu hjá sjúklingi sem við snum en daginn eftir virðist allt ætla að fara úrskaiðis. Það sama gildir í rekstrinum hjá okkur - það gengur svona ljómandi vel á einni deild, meðan allt virðist í hers höndum á þeirri næstu.

Til að starfa á Landspítala og raunar í heilbrigðiskerfinu öllu þarf þrautseigju og seiglu. Á hverjum degi tökumst við á við miklar áskoranir, sama hvar niður ber í starfseminni.

(glæra - umræðan - fjölmiðlaúrklippur)

Af umræðunni mætti ætla að hér spiluðum við stöðuga vörn - en þeir sem starfsemina þekkjá vita að svo er aldeilis ekki.

(glæra - mynd af Sóleyjartorgi og meðferðarkjarna auk gamla spítala)

Öflugri stofnun en Landspítali er tæpast til á landinu, af því fengu þið nasapef hér í upphafsmyndbandinu og það sem á eftir kemur hér í dag mun staðfesta það enn frekar. Með nýjum byggingum munum við svo enn styrkjast.

Við sækjum stöðugt fram í vísindalegri þekkingaröflun, uppbyggingu, umbótum og þjónustu á sama tíma og við verjumst ógnunum og áskorunum sem blasa við heilbrigðisþjónustunni á Íslandi - eins og úti um allan heim.

(glæra - sem sýnir síaukna eftirspurn)

Af sóknarhelmingi ársins má segja að það hafi einkennst af síaukinni eftirspurn eftir þjónustu spítalans, komum á bráðamóttökur og dag- og göngudeildir fjölgar, við gerum fleiri skurðaðgerðir, veitum fleiri sérhæfðar meðferðir og gerum fleiri rannsóknir. Á sama tíma fækkar legudögum sem sýnir m.a. hvernig við stöðugt leitum leiða til að bæta þjónustu og breyta ferlum

svo fleiri sjúklingar fái bestu mögulegu þjónustu. Eitt besta dæmið um slíkt er án efa opnun bráðalyflækningadeildarinnar á A-2 sem verulega hefur bætt flæði og þar með öryggi sjúklinga.

(glæra - skurðþjarni og PET CT)

Á árinu 2017 unnust einnig ýmsir sigrar, stórir og smáir. Ötullega var unnið að uppbyggingu Landspítala við Hringbraut og það var sérstaklega ánægjulegt að sjá uppbyggingu í tækjakosti með nýjum línuhraðli og 3T segulómtæki, samhliða undirbúningi fyrir komu jáeindaskanna.

(glæra - glaðir unglæknar)

Við erum afskaplega stolt af viðurkenningu í sérnámi fyrir ýmsar sérgreinar í læknisfræði sem við höfum hlotið, en á Landspítala er nú unnt að stunda nám til sérfræðiviðurkenningar í geðlækningum, tveggja ára nám í bæklunarlækningum, 3ja ára eða fyrri hluta náms í lyflækningum, sem og 3ja ára samþætt kjarnanám í bráðagreinum lækninga. Innan þessa hóps á sér stað ótrúlega öflugt vísindastarf á meðal þessa hóps, þar á meðal eru 11 doktorsnemar á meðal sérnámslækna í lyflækningum á Landspítala. Í viðbót við þetta er rétt að minna á öflugt sérnám, m.a. í svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun og skurðhjúkrun á vegum spítalans, en við erum með rúmlega 1800 nema af ýmsu tagi hjá okkur á hverju ári.

(glæra - umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs)

Við vorum ekki síður kát þegar metnaðarfullt umhverfisstarf spítalans hlaut þá frábæru viðurkenningu að fá tilnefningu til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs, fyrst sjúkrahúsa á Norðurlöndum í haust. Þetta er afar mikilvæg viðurkenning og blæs krafti í enn frekari viðleitni okkar á þessu sviði. Jafn umsvifamikil stofnun og Landspítali getur haft mikil áhrif á umhverfi sitt og það er mikilvægt að við séum gott fordæmi sem mikilvægur hluti af samfélaginu.

Góðar gjafir bárust okkur á árinu og nema þær hundruðum milljóna á ári hverju, meðal annars námu gjafir Hringsins um 100 milljónum á síðasta ári. Á þessum og fjölmörgum öðrum gjöfum sést sem endranær sá hlýhugur sem landsmenn bera til okkar.

(glæra - traust skv. Gallup)

Traust til Landspítala er mjög mikið samkvæmt könnunum Gallup. Fyrir heilbrigðiskerfið í heild var ánægjulegt að sjá að traust til þess hefur aukist umtalsvert, en að vanda er traust til Landspítala marktækt meira en til kerfisins alls. Því er samfara mikil ábyrgð sem við viljum standa undir og við erum þakklát fyrir traustið.

(glæra - fólk í grænum fötum)

Það er því ekki ofsögum sagt að ýmislegt gengur afar vel í starfi Landspítala. Því skulum við hampa við öll tækifæri, því allt slíkt er afrakstur gríðarlega öflugs starfsfólks sem oft vinnur við afar erfiðar aðstæður og auðvitað veltir maður fyrir sér hversu mikils við værum megnug við bestu aðstæður. Þess vegna fögnum við því að til lands sér á mörgum vígstöðvum hvað það

varðar. Stuðningur við aukna göngudeildarþjónustu, sókn í húsnæðismálum spítalans og áframhaldandi stuðningur við Hringbrautarverkefnið, bætt samráð um öldrunarþjónustu, skýrari staða heilsugæslunnar, nánara samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir um að veita sérfræðiþjónustu út um landið og nánara samstarf við aðra þætti velferðarþjónustunnar, já heildarssýn á heilbrigðisþjónustuna - allt eru þetta merki betri tíma framundan.

Eðli starfs á spítala er að vera sífellt greinandi og í kjölfarið lækandi og hjúkrandi. Við skoðum hlutina eins og þeir eru, styrkleika og veikleika og vinnum með niðurstöðurnar. Rétt greining er forsenda farsællar niðurstöðu meðferðar sem við veitum. Þess vegna viðurkennum við að það eru ekki alltaf jólin og til að bregðast við vanda verður að viðurkenna hann. Við skulum þess vegna aðeins bakka í vörnina.

(glæra - graf sem sýnir mannfjöldaþróun)

Ekki verður hjá því komist að viðurkenna þann þunga sem aukin eftirspurn eftir þjónustu spítalans leggur á okkur öll og þó auðvitað fyrst og síðast þá sem starfa í framlínunni. Náttúruleg aukning vegna öldrunar þjóðarinnar og aukin sjúkdómabyrði, samhliða fjölgunar erlendra ferðamanna og fólks sem hingað leitar vegna atvinnumöguleika skapar síaukna þörf fyrir þá mikilvægu þjónustu sem við veitum.

Hins vegar er mesta áskorunin án efa sú sem snýr að skorti á starfsfólki í heilbrigðisgreinum, einkum í hjúkrun. Hér er mikið verk óunnið og er sameiginlegt verkefni heilbrigðis- og menntamálayfirvalda og heilbrigðis- og menntastofnana. Hér má engan tíma missa og grípa verður til aðgerða strax.

(glæra - Royal Free)

Mig langar aðeins til að stíga með ykkur út fyrir rammann, til að reyna að setja hlutina í samhengi, til að ná víðara sjónarhorni. - Í mars fór ég á fund í norður Evrópsku neti spítala í átta löndum. Þetta eru spítalar sem allir eru komnir vel á veg í umbótavegferð og eru virkir innan alþjóðlegra samtaka um umbætur í heilbrigðismálum, IHI, Institute for Healthcare Improvement. Þessir spítalar eru staðsettir í Englandi, Skotlandi, Norður-Írlandi, Írlandi, Belgíu, Danmörku og Svíþjóð, auk Landspítala.

Að þessu sinni var fundurinn haldinn á Royal Free spítalanum í London. Þetta er sögufrægur, 11 þúsund starfsmanna spítali í Hampstead in norðvestur London, fyrsti spítalinn þar í borg sem opnaði dyr sínar fyrir þeim fátæku sem ekkert gátu greitt. Svona dæmigerður ríkisspítali í dag, viðhaldið mætti vera betra, grámuskulegir veggir - en frábær háskólaspítali samt - og allt fullt af fólki;sjúklingum, starfsmönnum, aðstandendum.

(glæra - challenges)

Á fundinum sátum, við, sextíu stjórnendur frá átta löndum og fórum í gegnum áskoranirnar sem við okkur blasa. Og það er kunnuglegur listi: það skortir gagnreynda þekkingu fyrir mörgu sem

við gerum, kulnun starfsfólks fer vaxandi, samþætt umönnun og þjónusta er sjaldgæf, kostnaður við heilbrigðisþjónustu vex og vex, breytileikinn í þjónustu er allt of mikill, fleiri en 10% sjúklinga verða fyrir skaða á spítölum og áherslan er allt of mikið á lækningu, í stað forvarna.

(glæra - í vanda)

Þegar ég gekk heim á gistiheimilið eftir langan dag á fundinum þá verð ég að viðurkenna að mér leið eins og ég stæði bara í rústum og að við værum öll skák og mát.

(glæra - eða ekki...)

En svo fór ég að hugsa - nei, það eru allir að finna lausnir, það eru allir að glíma við sama vandann og þegar allir leggjast á eitt þá kemur eitthvað gott út úr því.

Daginn eftir skiptum við þessi 60 sem vorum á fundinum okkur upp í hópa og fórum að skoða mismunandi vaxtarbrodda í þróun heilbrigðisþjónustunnar á mismunandi stöðum í London. - Síðan komum við öll saman aftur og sögðum frá því sem fyrir augu hafði borið. - Og það var margt.

Allt frá frábærum leiðum til að greina strax vanda hrums fólks sem kemur inn á bráðamóttöku og setja upp eftirfylgd í heimahúsum, með því að virkja spítalabekkingu, heilsugæslu og félagsþjónustu - í gegnum fullkomna sýkingavarnardeild fyrir ebolasýkingar, sem er talin algerlega örugg - yfir í tölvufyrirtæki, samvinnu Google og DeepMind Health, sem er að leita leiða til að nota gervigreind til að hjálpa heilbrigðisstarfsfólki við flókna ákvarðanatöku og of miklar upplýsingar.

Og þegar leið á kynningarnar fór ég að velta þessu betur fyrir mér og sjá að glasið væri kannski ekki hálfómt, heldur hálfullt!

(glæra - mynd af hálffullu glasi)

Það eru nefnilega allir að glíma við sömu áskoranirnar og við hér á Íslandi. Allir spítalar eru að takast á flóðbylgju sífellt hrumara fólks, silver tsunami eins og menn kalla það - við síhækkandi kostnað, við mistök og við breytileika, við starfsfólk undir álagi. Verkefni, sérstaklega út af þessari flóðbylgju eldra fólks með brýnar þarfir og út af sífellt dýrari úrræðum, þessi verkefni eru áskorun sem enginn hefur fundið Lausnina með stóru eLLi á, en fullt af lausnum samt. Þannig að þótt við hér getum ábyggilega gert betur, ekki ætla ég að halda öðru fram, þá snýst þetta samt ekki um okkur. Þetta snýst ekki um að við séum með eitthvað ómögulegt kerfi, þetta snýst ekki um vondar burðarstoðir. Nei, þetta snýst um gríðarlegar lýðfræðilegar og tæknilegar breytingar á Vesturlöndum sem allir eru að takast á við.

Og í því er ákveðin huggun fólgin - því þótt aðstæður og kerfi séu í smáatriðum og útfærslum breytileg á milli landa, þá eru þetta sömu vandræðin - og það eru allir að glíma við þau og allir

að leita leiða til að leysa þau. Við megum ekki gleyma því að við erum ekki ein og það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið.

Við sjáum þetta til dæmis með mönnun hjúkrunarfræðinga. Það er skortur á Landspítala - en það er líka skortur á landsvísu eins og ríkisendurskoðun hefur bent á. - En þetta er líka alþjóðlegt vandamál. Það vantar 100.000 hjúkrunarfræðinga núna í Englandi - 500.000 í Bandaríkjunum, núna! Hvað getum við lært af reynslunni þar, hvaða víti eru til að varast?

(glæra - fótboltafólkið)

Að þessu sögðu vil ég aftur fara í sóknina. Landspítali er einstök stofnun á landsvísu. Hér fæðumst við flest og deyjum. Hér er mesta vísindastarfsemi landsins, flestir nemendur, flest starfsfólk og gríðarleg þétt framlína fagfóks á heimsmælikvarða. Sennilega er þetta eina opinbera stofnunin á Íslandi sem getur borið sig saman við opinberar stofnanir af sömu gerð erlendis, því spítalinn er af hefðbundinni Evrópskri spítalastærð. Það þarf því ekki að skala niður lausnirnar, við getum fært margt beint á milli. Í því eru klárlega sóknarfæri.

Ég er sannfærður um og ég veit að Landspítali hefur aldrei verið öflugri.

Sókn er besta vörnin.